

123. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 15. nóvember 2021 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður

Einar Brandsson varaformaður

Björn Guðmundsson

Helgi Pétur Ottesen

Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri

Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

1) Vistunarmál

Samþykkt vistun fyrir fimm einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

Staða á biðlistum 12.11.2021:

Hjúkrunarrými: 30 einstaklingar.

Dvalarrými: 8 einstaklingar.

Hvíldarinnlagnir: 33 einstaklingar.

2) Fjárhagsáætlun 2021 – viðauki 2

Viðauki 2 við fjárhagsáætlun Höfða fyrir árið 2021 ásamt greinargerð framkvæmdastjóra.

Breytingar gera ráð fyrir 51,9 mkr. hækkun á áætluðum tekjum og til 34,9 mkr. hækkunar á

rekstrargjöldum. Breytingar í viðauka leiða til jákvæðrar rekstrarniðurstöðu upp á 17,3 mkr.

sem er breyting upp á 16,9 mkr. frá viðauka 1. Viðauki 2 gerir ráð fyrir hækkun á handbæru fé um 37,9 mkr. og nemur það 197 mkr. í árslok 2021.

Stjórn Höfða samþykkir viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2021.

3) Fjárhagsáætlun 2022

Samkvæmt framlagðri áætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að rekstrartekjur Höfða nemi

1.298,6 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta nema 1.254,8 mkr. Afskriftir nema

25,1 mkr. og fjármagnsliðir nema nettó 14,6 mkr. Óreglulegir liðir nema 18,6 mkr. Hagnaður af

rekstri án óreglulegra liða nemi 4,1 mkr. en með óreglulegum liðum nemi tapið 14,6 mkr.

Handbært fé frá rekstri nemi 22,8 mkr., fjárfestingahreyfingar nemi nettó 105,6 mkr. og

fjármögnunarahreyfingar nemi 18,6 mkr. Lækkun á handbæru fé nemi 101,5 mkr. og að

handbært fé í árslok verði 95,1 mkr.

Lögð fram til seinni umræðu og samþykkt.

4) Fjárhagsáætlun 2023-2025

Lögð fram til seinni umræðu og samþykkt.

5) Fundargerðir framkvæmdanefndar, dags. 19.10., 22.10., 26.10. og 28.10.2021

Lagðar fram.

6) Önnur mál

- a) Bréf starfsmannafélags Höfða dags. 14.11.2021**
Stjórn samþykkir erindi starfsmannafélagsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.17:40